# Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra 132. fundur

132. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra haldinn fimmtudaginn 3. febrúar 2010, kl. 14.00, á skrifstofu heilbrigðiseftirlitsins að Furuvöllum 1, Akureyri.
Þessir voru mættir: Þórdís Rósa Sigurðardóttir formaður, Sigurjón Jóhannesson, Birna Jóhannesdóttir, Hafsteinn Gunnarsson, Steinn Karlsson, Kristín Halldórsdóttir, Þórir Þórisson, Alfreð Schiöth, Þorkell Björnsson, Þórey Agnarsdóttir og Valdimar Brynjólfsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.**

2. Ráðningar framkvæmdastjóra og heilbrigðisfulltrúa. 15 umsóknir bárust um starf framkvæmdastjóra. Valnefnd (þrír nefndarmenn) fóru yfir umsóknirnar og ræddi við nokkra umsækendur. **Að fengnu samþykki annarra nefndarmanna var Alfreð Schiöth ráðinn til starfsins.**
Í framhaldi af því var auglýst eftir nýjum heilbrigðisfulltrúa. Einnig bárust 15 umsóknir um það starf. Valnefnd fór yfir umsóknirnar og í kjölfar viðtals **var lagt til að María Markúsdóttir yrði ráðin. Nefndin samþykkir ráðninguna.**

3. Greint frá fjárhagsstöðu HNE í árslok 2010. **Niðurstaðan er hagstæð en endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir.**

4. Endurskoðuð fjárhagsáætlun lögð fram vegna ákvörðunar Fjallabyggðar um að heilbrigðiseftirlit sveitarfélagsins skuli tilheyra HNV. Áætlunin lækkar nokkuð við fækkun íbúa sem standa að baki fjárhagsáætlunarinnar en kostnaður pr. íbúa verður hærri fyrir vikið. **Samþykkt að senda áætlunina út til sveitarfélaganna til samþykktar.**

5. Þorkell greindi skilmerkilega frá Norrænni ráðstefnu eftirlitsaðila með matvælafyrirtækjum sem haldin var í Kaupmannahöfn í 20. -21. janúar s.l. og hann sótti.

6. Erindi frá Langanesbyggð með beiðni um umsögn um tillögu að gjaldskrá fyrir sorphirðu og förgun úrgangs fyrir Langanesbyggð. Framkvæmdastjóri hefur svarað erindinu og er það lagt fyrir nefndina til staðfestingar. Eftirfarandi svar var gefið: **Gjaldskráin er rétt uppsett og með heimild í samþykkt nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Forsendur útreikninga og ákvörðun um einstakar upphæðir eru hins vegar á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags og ekki heilbrigðiseftirlitsins að fjalla um. Heilbrigðiseftirlitið vill þó minna á að gjaldskráin skal á hverjum tíma endurspegla raunkostnað.**

7. Erindi frá Þingeyjarsveit með beiðni um umsögn um tillögu að gjaldskrá fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit 2011. Framkvæmdastjóri hefur svarað erindinu og er það lagt fyrir nefndina til staðfestingar. Eftirfarandi svar var gefið: **Gjaldskráin er rétt uppsett og með heimild í samþykkt nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Forsendur útreikninga og ákvörðun um einstakar upphæðir eru hins vegar á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags og ekki heilbrigðiseftirlitsins að fjalla um. Heilbrigðiseftirlitið vill þó minna á að gjaldskráin skal á hverjum tíma endurspegla raunkostnað.**

8. Erindi frá Þingeyjarsveit með beiðni um umsögn um tillögu að gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Þingeyjarsveit 2011. Framkvæmdastjóri hefur svarað erindinu og er það lagt fyrir nefndina til staðfestingar. Eftirfarandi svar var gefið: ”**Gjaldskráin er rétt uppsett og með heimild í samþykkt nr. 671/2003 um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar á Norðurlandi eystra að undanskildum Húsavíkurbæ. Forsendur útreikninga og ákvörðun um einstakar upphæðir eru hins vegar á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags og ekki heilbrigðiseftirlitsins að fjalla um. Heilbrigðiseftirlitið vill þó minna á að gjaldskráin skal á hverjum tíma endurspegla raunkostnað”.**

9. Erindi frá Svalbarðsstrandarhreppi með beiðni um umsögn um tillögu að gjaldskrá fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Svalbarðsstrandarhreppi. Framkvæmdastjóri hefur svarað erindinu og er það lagt fyrir nefndina til staðfestingar. Eftirfarandi svar var gefið: **Gjaldskráin er rétt uppsett og með heimild í samþykkt nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Forsendur útreikninga og ákvörðun um einstakar upphæðir eru hins vegar á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags og ekki heilbrigðiseftirlitsins að fjalla um. Heilbrigðiseftirlitið vill þó minna á að gjaldskráin skal á hverjum tíma endurspegla raunkostnað.**

10. Erindi frá Hörgársveit með beiðni um umsögn um tillögu að gjaldskrá fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit. Framkvæmdastjóri hefur svarað erindinu og er það lagt fyrir nefndina til staðfestingar. Eftirfarandi svar var gefið: **Gjaldskráin er rétt uppsett og með heimild í samþykkt nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Forsendur útreikninga og ákvörðun um einstakar upphæðir eru hins vegar á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags og ekki heilbrigðiseftirlitsins að fjalla um. Heilbrigðiseftirlitið vill þó minna á að gjaldskráin skal á hverjum tíma endurspegla raunkostnað.**

11. Erindi frá Grýtubakkahreppi með beiðni um umsögn um tillögu að gjaldskrá fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi. Framkvæmdastjóri hefur svarað erindinu og er það lagt fyrir nefndina til staðfestingar. Eftirfarandi svar var gefið: **Gjaldskráin er rétt uppsett og með heimild í samþykkt nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Forsendur útreikninga og ákvörðun um einstakar upphæðir eru hins vegar á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags og ekki heilbrigðiseftirlitsins**

**að fjalla um. Heilbrigðiseftirlitið vill þó minna á að gjaldskráin skal á hverjum tíma endurspegla raunkostnað.**

12. Lögð fram tillaga að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð. **Framkvæmdastjóra falið að veita umsögn.**

**13.** Ný samþykkt um hundahald í Akureyrarkaupstað. **Samþykktin hefur verið send til Umhverfisráðuneytis og er í samþykktarferli.**

**14.** Kynnt handbók í efnavörueftirliti og vefgátt til skráningar. **Þórey kynnti nýja handbók og vefgátt sem nota má til skráningar og þá jafnframt til samræmingar í eftirliti um land allt.**

**15.** Umsögn HNE varðandi Aðalskipulag Þingeyjarsveitar. **Þorkell greindi frá helstu ábendingum HNE um aaðalskipulagið.**

16. Þorkell lagði fram starfsleyfisskilyrði fyrir Orkuveitu Húsavíkur-vatnsveitu. **Nefndin samþykkir skilyrðin**.

17. Erindi frá Kröflustöð varðandi förgun brennisteinsleðju frá kæliturnum. **Samþykkt að fresta afgreiðslu meðan kannað er um sambærilega förgun annars staðar og hvort Umhverfisstofnun hefur sett einhverjar verklagsreglur í slíkum málum.**

**18.** Fjallabyggð, kvartanir um ólykt frá hausaþurrkun og vegna losunar á fiskúrgangi í sjó. **Alfreð greindi frá kvörtunum sem borist höfðu og framsendi hann þær til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.**

19. Rarik, eftirlitsskýrsla vegna spennistöðva. **Heilbrigðisfulltrúar kynntu skýrslu vegna eftirlits með aðveitustöðvum RARIK á Norðurlandi eystra. Heilbrigðisnefnd fer fram á að RARIK skili skriflegri og tímasettri framkvæmdaáætlu um úrbætur til heilbrigðisnefndar ekki seinna en 1. maí 2011.**

20. Dalvíkurbyggð, vinna við deiliskipulag Ytra-Holts. **Kynntar voru athugasemdir heilbrigðisfulltrúa um fráveitu og förgun úrgangs á viðkomandi svæði.**

21. Greint var frá fundi í starfshópi um umhverfisgæði vegna eftirlits með efnalaugum. Fyrirhugað ereftirlitsverkefi á landsvísu.

22. **Umsóknir um starfsleyfi**:

a) Frá Sigurði Hermannssyni f.h. Isavia ohf., kt. 550210-0370, fyrir “Akureyrarflugvöll”, Akureyri.. **Samþykkt.**
b) Frá Sigurði Hermannssyni f.h. Isavia ohf., kt. 550210-0370, fyrir “Grímseyjarflugvöll”, Grímsey. **Samþykkt.**
c) Frá Jóni Skildi Karlssyni f.h. K2M, kt. 420409-0520, Draupnisgötu 6, 603 Akureyri, vörubílaverkstæði, fólksbílaverkstæði, mótorsportþjónusta, umsókn

um endurnýjun á starfsleyfi vegna flutnings. **Samþykkt með vísan til starfsskilyrða HNE vegna mengunarvarna fyrir bifreiðaverkstæði.**

d) Frá Huld S. Ringsted f.h. Fiskistjörnunnar ehf., kt. 450309-0600, fyrir söluskála í Hafnarstæti, Akureyri, þar sem seldur verður djúpsteiktur fiskur og franskar kartöflur. **Samþykkt.**

e) Frá Megastore kt. 701208-2340, fyrir verslun með matvörur og efnavörur, Glerártorgi, Akureyri. **Samþykkt með þeim skilyrðum að merkingar vöru í versluninni standist ákvæði íslenskra reglugerða þar um.**

f) Frá Friðbirni Axel Péturssyni f.h. Darra ehf., kt. 551196-3489, fyrir fiskverkun með harðfiskvinnslu að Hafnargötu 1, Grenivík. **Samþykkt.**

g) Frá Eygló Jóhannesdóttur fyrir Ferðaþjónustuna Arnarnesi, kt. 080658-3119, fyrir heimagistingu að Arnarnesi, Hörgársveit og er Kaffi Kusa sem áður hefur verið veitt leyfi fyrir rekið á sömu kennitölu. **Samþykkt.**

h) Frá Guðrúnu Friðjónsdóttur f.h. Hjallastefnunnar ehf., kt.540599-2039, fyrir Leikskólann Hólmasól, Helgamagrastræti 29-41, Akureyri. **Samþykkt.**

i) Frá Helenu Guðmundsdóttur fyrir Daggæslu Helenar og Kolbrúnar, kt. 221174-5859, að Lundarvelli, Akureyri. **Samþykkt.**

j) Frá Eddu Láru Guðgeirsdóttur fyrir Fótaaðgerðarstofu Evu, kt. 150559-4999, Víðilundi 22, Akureyri. **Samþykkt.**

**Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 17.30**

| | |
|---|---|
| Þórdís Rósa Sigurðardóttir, formaður | Valdimar Brynjólfsson |
| Sigurjón Jóhannesson | Alfreð Schiöth |
| Birna Jóhannesdóttir | Þorkell Björnsson |
| Hafsteinn H. Gunnarsson | Þórey Agnarsdóttir |
| Steinn Karlsson | Þórir V.Þórisson |
| Kristín Halldórsdóttir | |